

Sp.

276. Tillaga til þingsályktunar

um aðstoð við íslenska námsmenn á Norðurlöndum og í Þýskalandi.

(Eftir fyrri umr.).

Sameinað Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá farborða, eftir því sem með þarf og unnt er, þeim íslenskum námsmönnum, er dveljast í þeim löndum, sem samgöngur héðan eru tepptar við. Jafnframt heimilar Alþingi ríkisstjórninni að veita námsmönnum þessum sem styrk allt að helmingi þess fjár, sem hún leggur þeim til dvalarkostnaðar, miðað við venjulegan námstíma.